



FÉLAGSBÚSTAÐIR HF.

- Hallveigarstíg 1
- 101 Reykjavík
- Sími 520 1500
- Fax 520 1516
- K.tala: 510497-2799

Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8-10,
150 REYKJAVÍK

Alþingi
Erindi nr. P 150/1370
komudagur 16.3.2004

Reykjavík, 10.mars 2004

Varðar tillögu til þingsályktunar um aðgerðir gegn fátækt, 21. mál.

Undirritaður fagnar f.h. Félagsbústaða hf. framkominni tillögu til þingsályktunar um aðgerðir gegn fátækt.

Spurning er hvort í dag séu fyrir hendi og aðgengilegar nægilega traustar upplýsingar um framfærsluþarfir fólks á Íslandi. Marktækar aðgerðir gegn fátækt gera kröfu til þess að lágmarksframfærsla á hverjum tíma sé skilgreind og mæld með hliðsjón af fjölskyldugerð. Slíkt viðmið taki til þeirra grunnþátta mannlífs sem taldir eru nauðsynlegir til þess að lifa mannsæmandi lífi í nútímaþjóðfélagi. Einn þessara grunnþátta er viðunandi húsnæðiskostur og sá kostnaður sem því fylgir.

Félagsbústaðir eru hlutafélag í eigu Reykjavíkurborgar, sem á og rekur um 1700 félagslegar leiguíbúðir. Félagið er rekið í þágu almannaheilla og skal rekstur þess vera sjálfbær. Félagsbústaðir hafa í rekstri sínum undanfarin sex ár safnað viðamiklum upplýsingum um húsnæðiskostnað og lýsir félagið sig reiðubúið til þess að miðla þeim gagnagrunni til úrvinnslu á viðmiði um lágmarksframfærslu.

Stuðningur hins opinbera til lækkunar á húsnæðiskostnaði lágtekjufólks hefur til langs tíma aðallega verið hlutbundinn þ.e. tengist húsnæðinu í formi niðurgreiðslu á vöxtum bæði að því er tekur til félagslegs eignar- og leiguhúsnæðis.

Húsaleigubætur, sem teknar voru upp fyrir leigu á almennum markaði 1995 og 1998 fyrir leigu í félagslegu húsnæði, eru hins vegar dæmi um persónubundinn stuðning sem tekur mið af fjárhagslegum og félagslegum aðstæðum fólks, eignum, tekjum og fjölskyldustærð.

Félagsbústaðir leggja áherslu á að stuðningur hins opinbera til lækkunar á húsnæðiskostnaði lágtekjufólks verði í formi persónubundins stuðnings en með því móti verður stuðningurinn skilvirkari og nær betur til þeirra sem á honum þurfa að halda. Stofnstyrkir geta á hinn bóginn hentað vel sem grunnstuðningur fyrir aldraða, fatlaða og aðra sbr. sambýli sem þurfa á sérhæfðu húsnæði að halda og búa við varanlega skerta greiðslugetu.

Virðingarfyllst,
f.h. Félagsbústaða hf.

Sigurður Kr. Friðriksson,
framkvæmdastjóri.